

Nd.

321. Fyrirspurn

til samgöngumálaráðherra um viðgerð á Ölfusárbrúnni.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Hvenær má vænta þess, að viðgerð á Ölfusárbrúnni verði lokið?

Greinargerð.

Það er kunnugt, að bilun Ölfusárbrúarinnar veldur miklum erfiðleikum víða um Suðurland. Menn geta fyllilega gert sér grein fyrir því, hvaða truflun það hefur í för með sér, ef slátrun sauðfjár austur í sýslum getur ekki byrjað, fyrr en komið er langt fram á haust. Meðan brúin er niðri, geta kjötflutningar ekki átt sér stað að austan. Kjötið verður ekki verzlunarvara, eftir að því hefur verið umstaflað við ána. Þungaflutningar austur hafa einnig stöðvazt. Bændur eystra eiga eftir að draga að sér fóðurbæti og annan vetrarforða. Það er óhugsandi að flytja allar þær vörur, er nema fleiri þúsundum tonna, á bátum eða lítilli dragferju, þótt hún væri sett upp. Liggur það ljóst fyrir og þarfnast ekki frekari skýringa. Allir, sem hér eiga hagsmuna að gæta, biða mjög óþolinmóðir eftir því, að viðgerð brúarinnar verði lokið. Það skal viðurkennt, að samgöngumálaráðherra hefur sýnt góðan hug á því að koma verkinu áfram. En vegna þess að hér er um stórmál að ræða og hagsmunir og afkoma í stórum landshluta eru í veði, verður aldrei of mikil áherzla á það lögð að hraða verkinu og setja meiri kraft á það en gert hefur verið hingað til. Til þess að flýta verkinu eins og unnt er þarf að fjölga mönnum við vinnuna og láta vinna nætur og daga, unz viðgerðinni er að fullu lokið.

Það mun vera ákveðið að hefjast handa og byggja nýja brú yfir Ölfusá. En það verk mun taka 10—12 mánuði. Gamla brúin verður því að komast í það ástand, að hún þoli þungavöruflytningana, meðan á smíði nýju brúarinnar stendur. Ekkert annað verður talin viðunandi lausn í þessu máli.

Ef svo ógiftusamlega færi, að fullnaðarviðgerð brúarinnar drægist enn nokkrar vikur, verður að athuga nýjar leiðir til bráðabirgðaúrlausnar, svo sem hvort mögulegt er að koma við innrásarpramma á ánni og flytja á þann hátt hlaðna bíla yfir. Það mun vera hægt að fá slíkan pramma hjá setuliðinu, og ber því að athuga sem fyrst, hvort hugsanlegt er að nota hann, ef brúin verður ekki fær innan fárra daga.